



Minnisblað til hreppsnefndar Kjósarhrepps

Efni: Tillaga um tímabundna heimild til fjarfunda til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga.

Dags: 30. apríl 2021

Málsnúmer: 2105003

Málsmeðferð: Til ákvörðunartöku

Starfsmaður: Regína Hansen Guðbjörnsdóttir

Hreppsnefnd samþykkti á 224. fundi að heimilt væri að halda fundi hreppsnefndar og fastanefnda með rafrænum hætti til að tryggja starfhæfi sveitarstjórnar og fastanefnda og auðvelda ákvörðunartöku vegna heimsfaraldurs COVID-19. Gilti heimildin til 30. apríl 2021, sbr. heimild í auglýsingu samgöngu - og sveitarstjórnaráðherra nr. [1436/2020](#).

Tillaga:

Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkir með heimilt verði að halda fundi hreppsnefndar og annarra fastanefnda sveitarfélagsins með fjarfundabúnaði og víkja þannig frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga og 5. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna, [nr. 1140/2013](#). Staðfesting fundargerða skal, þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða [nr. 22/2013](#), fara fram með rafrænni undirritun.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. apríl 2021 og gildir til 31. Júlí 2021.